

Fréttabréf Síðuskóla

3. bréf - október - skólaárið 2021-2022

Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Kæru foreldrar.

Áfram heldur starfið hjá okkur í skólanum og bleikur október tekinn við. Í þessum mánuði verður nokkuð af óhefðbundnum skóladögum hjá okkur. Skipulagsdagur verður 14. október, viðtalsdagur 15. október og svo tekur haustfríð við 18. og 19. október.



Í þessari viku höfum við verið minnt á að baráttunni við veiruna skæðu er ekki lokið. Þrír bekkir eru núna í sóttkví auk 12 starfsmanna. Einnig eru nokkrir nemendur í smitgát. Hluti af þessum hóp fer í sýnatöku í dag og mætir í skólann á mánudag, fáist neikvæð niðurstaða. Við þurfum að halda áfram að sinna persónulegum sóttvörnum, vera vakandi fyrir einkennum og panta tíma í sýnatöku geri þau vart við sig. Það er líka gott að ræða við börnin um mikilvægi sóttvarna, sérstaklega í ljósi aðstæðna í skólum bæjarins núna.

Ef einhverjar spurningar vakna hvetjum við ykkur til að hafa samband í síma eða tölvupósti. Við komumst í gegnum þetta á samstöðunni og góðum samskiptum á milli heimila og skólans.

Leiðarljós okkar er að vinna saman, ná árangri og gleðjast!

Með góðri kveðju!

Ólöf, Malli og Helga

Á döfinni

5. október

Fræðsla í 8. bekk - fíkn

6. október

Forvarnardagurinn í 9. bekk

7. október

Fræðsla í 9. bekk - kynbundið ofbeldi

11. október

Fundur í skólaráði

Fræðsla í 4. bekk - kvíði

12. október

Ólympíuhlaupið


14. október

Skipulagsdagur starfsfólks - frídagur hjá nemendum

Frístund opin allan daginn

15. október

Viðtalsdagur



Frístund opin allan daginn

18. - 19. október

Haustfrí í grunnskólum Akureyrarbæjar

Frístund opin báða dagana

28. október


10. bekkur - heimsókn í VMA



Náttúrufræðingur Síðuskóla

Náttúrufræðingur Síðuskóla fór fram á *Degi íslenskrar náttúru*, en það er keppni þar sem nemendur skólans eiga að 5 greina plöntur, 5 fugla og 5 staði eða kennileiti á Íslandi. Í ár varð Máni Þorsteinsson í 9. bekk hlutskarpastur og fær því titilinn Náttúrufræðingur Síðuskóla árið 2021 – 2022.

Einnig hlutu þau Una Linda í 4. bekk, Arnór Elí í 5. bekk, Gunnar Brimir í 8. bekk og Sigrún Freygerður í 10. bekk viðurkenningu fyrir góðan árangur. Við óskum öllum verðlaunahöfum innilega til hamingju.





Nemendaráð Síðuskóla 2021-2022

Nemendaráð Síðuskóla er skipað 7 nemendum úr 6.-10. bekk. Í 6.-8. bekk kjósa árgangar sér einn fulltrúa og annan til vara en í 9.-10. bekk kjósa árgangarnir sér tvo fulltrúa og einn til vara. Hafdís María Tryggvadóttir kennari hefur umsjón með nemendaráði.

Helstu verkefni nemendaráðs eru að skipuleggja söngsal, öðruvísi daga og ræða málefni frá nemendum og koma þeim í farveg.

Fulltrúar í nemendaráði skólaárið 2021-2022

6. bekkur

Þóra Margrét Guðmundsdóttir og Kári Víkingsson

Nína Björg Axelsdóttir og Ásdís Hanna Sigfúsdóttir varamenn

7. bekkur

Hanna Vigdís Davíðsdóttir og Úlfur Magni Teitsson

Alrún Eva Tulinius og Arnþór Einar Guðmundsson varamenn

8. bekkur

Bryndís Huld Jónasdóttir og Sveinar Birnir Sigurðsson

Árni Þeyr Fjölhnisson og Halla Rún Fannarsdóttir varamenn

9. bekkur

Logi Már Óttarsson og Stefán Andri Björnsson

Axel Máni Allen og Rebekka Nótt Jóhannsdóttir varamenn

10. bekkur

Logi Hrafn Egilsson og Tara Sól Reynisdóttir

Elvin Gitonga og Emma Líf Birgisdóttir varamenn





MATSEÐILL SÍÐUSKÓLA

Október

01. okt.	föstudagur	Makkarónugrautur, ávextir
04. okt.	mánudagur	Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð
05. okt.	þriðjudagur	Kjötfarsbollur, kartöflustappa, brún sósa
06. okt.	miðvikudagur	Plokkfiskur, grænmeti, ávextir
07. okt.	fimmtudagur	Pítsa, grænmeti, ávextir
08. okt.	föstudagur	Blómkálssúpa, súpubrauð
11. okt.	mánudagur	Þorskur með beikonsmurosti og rifnum osti, hrísgrjón
12. okt.	þriðjudagur	Svínasnitsel, kartöflustappa, smjör, brún sósa
13. okt.	miðvikudagur	Fiskibollur, kartöflur, smjör, rúgbrauð
14. okt.	fimmtudagur	Skipulagsdagur
15. okt.	föstudagur	Viðtalsdagur
18. okt.	mánudagur	Haustfrí
19. okt.	þriðjudagur	Haustfrí
20. okt.	miðvikudagur	Fiskréttur í ofni, kartöflur
21. okt.	fimmtudagur	Hakk og spaghetti
22. okt.	föstudagur	Skyr og brauð
25. okt.	mánudagur	Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð
26. okt.	þriðjudagur	Pylsur, kartöflustappa
27. okt.	miðvikudagur	Orly fiskur, franskur, bearnaise
28. okt.	fimmtudagur	Grænmetisbuff, hrísgrjón, ávextir
29. okt.	föstudagur	Grjónagrautur, lifrapylsa

Salatbar alla daga

Einkunnarorð í október

Virðing

Regla mánaðarins er:

„Við fylgjum fyrirmælum starfsmanna“.